



Spáum óbreyttum stýrivöxtum í ágúst

Við spáum því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands haldi meginvöxtum bankans óbreyttum í 1,0% við næstu vaxtaákvörðun þann 25. ágúst.

Í maí ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að taka fyrsta skrefið í hækkun stýrivaxta með hækkun um 0,25 prósentustig en stýrivextir höfðu verið óbreyttir í 0,75% frá því í nóvember á síðasta ári. Í fundargerð kom fram að allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að hækka vexti bankans til þess að viðhalda kjölfestu verðbólguvæntinga í verðbólgu markmiðinu. Rætt var um hvort hækka ætti þá um 0,25 eða 0,5 prósentustig. Helstu rökin fyrir því að hækka vexti um 0,25 prósentustig voru þau að þótt innlend eftirspurn væri kröftugri en búist hefði verið við og efnahagshorfur hefðu batnað væri samt sem áður mikið atvinnuleysi og batinn brothættur. Því væri mikilvægt að taka varfærin skref.

Verðbólgan er enn talsvert yfir verðbólgu markmiðinu og útlit fyrir að hún verði það áfram fram undir mitt næsta ár. Hagstofan birtir ágústmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) mánudaginn 30. ágúst. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,36% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 4,3% í 4,2%.

Undir eðlilegum kringumstæðum væri nefndin eflaust að íhuga næsta skref í hækkunarferlinu. Nýjasta Covid-bylgjan hefur hins vegar sett strik í reikninginn og líklegt er að efnahagsbatinn næstu mánuði verði hægari en ella.


Við teljum að vegna óvissu um efnahagsleg áhrif áframhaldandi sóttvarnaraðgerða vegna faraldursins, m.a. á ferðaþjónustugeirann, velji nefndin að halda stýrivöxtum óbreyttum a.m.k. fram í október.

Síðustu vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


	Lagt til	Með	Móti	Niðurst.	Meginv.
5. feb. 2020	-0,25	4	GZ (óbr)	-0,25	2,75
11. mar. 2020	-0,50	5		-0,50	2,25
18. mar. 2020	-0,50	5		-0,50	1,75
20. maí. 2020	-0,75	5		-0,75	1,00
26. ágú. 2020	óbr.	5		óbr.	1,00
7. okt. 2020	óbr.	5		óbr.	1,00
18. nóv. 2020	-0,25	5		-0,25	0,75
3. feb. 2021	óbr.	5		óbr.	0,75
14. mar. 2021	óbr.	5		óbr.	0,75
19. maí. 2021	0,25	5		0,25	1,00
25. ágú. 2021					
6. okt. 2021					
17. nóv. 2021					

Heimild: Seðlabanki Íslands


Mismunandi mælikvarðar



Framlag undirlíða verðbólgu



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.